

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 7/2023

Fundarstaður: Viðey, Eiríksstöðum og á Teams

Fundartími: 12. apríl 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Helga Eyjólfsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Signý Vala Sveinsdóttir (varamaður ÖG), Eva Ágústsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Björn Guðbjörnsson, Pétur S. Gunnarsson, Sif Ormarsdóttir og Örvar Gunnarsson

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 6/2023

Fundargerðin samþykkt

3) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþátttaka

Ekki eru ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar

SVS vikur af fundi kl. 14:10

4) Önnur mál

a) Nýr varaformaður lyfjanefndar

Nýr varaformaður tekur við um næstu mánaðarmót og mun verða gestur á fundum fram til þess tíma

b) Nýr starfsmaður lyfjanefndarteymis

Guðrún Björg Elíasdóttir, lyfjafræðingur, hefur verið ráðin til að taka við að Rannveigu og hún hefur störf þann 1. júlí nk.

c) Lyfjameðferð við SMA hjá fullorðnum

Nokkur umfjöllun hefur verið í fjölmiðlum um lyfjameðferð fyrir fullorðna með SMA. Fram til þessa hefur meðferð einungis verið heimiluð ef hún hefst fyrir 18 ára aldur. Í kjölfar umfjöllunarinnar kom fyrirspurn frá HRN til Landspítala og svar lyfjanefndar er að finna í fundargögnum. Í gær samþykktu Norðmenn greiðsluþátttöku í Spinraza fyrir fullorðna og eru að endurskoða sömu ábendingu fyrir Evrysdi. Gera má ráð fyrir að sama vinna muni hefjast á hinum Norðurlöndunum í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 14:49